

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2010

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2010 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 53,6 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi samanborið við 11,9 ma.kr. hagstæðan jöfnuð á fjórðungi á undan. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 30,1 ma.kr. og 1,7 ma.kr. afgangur var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 83 ma.kr.

Halla á þáttatekjum á fjórða ársfjórðungi má eins og áður rekja til innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 37,5 ma.kr. og tekjur 3,1 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var óhagstæður um 51,1 ma.kr. og viðskiptajöfnuður 19,3 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 3.965 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.291 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 9.326 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 141 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.441 ma.kr. og skuldir 2.875 ma.kr. og var hrein staða þá neikvæð um 434 ma.kr.

Bein erlend fjárfesting

Betri upplýsingar liggja nú fyrir um beina erlenda fjárfestingu vegna fyrstu þriggja ársfjórðunga ársins 2010 en áður höfðu verið birtar áætlaðar tölur. Helsta breytingin á beinni erlendri fjárfestingu Íslendinga erlendis er að lánaskuldir voru hærri en áður var áætlað. Vaxtagjöld voru einnig hærri sem hefur neikvæð áhrif á þáttatekjujöfnuð sem nemur um 11 ma.kr. samanlagt á viðkomandi ársfjórðungum. Endurskoðaðar tölur hafa einnig áhrif á fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi en eigið fjármagn þeirra var umtalsvert herra en áður hafði verið áætlað eða um 114 ma.kr. sé miðað við þriðja ársfjórðung. Hvað áhrif á viðskiptajöfnuð varðar munar þó mestu um að tap innlendra félaga í eigu erlendra aðila var ekki eins mikið og áætlað hafði verið. Neikvæð endurfjárfesting þeirra er því minni sem þýðir meiri halla á þáttatekjujöfnuði en áður var áætlað.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Til stóð að birta endurskoðun á landa- og atvinnugreinaskiptingu beinnar erlendra fjárfestingar fram til ársins 2009 (árstölur) hinn 9. mars nk. en engin breyting hefur orðið á áður birtum tölum. Næsta áætlaða uppfærsla á eldri tölum er 8. júní nk. (Sjá <http://www.sedlabanki.is/?PageID=291>).

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2009 /4</u>	<u>2010 /1</u>	<u>2010 /2</u>	<u>2010 /3</u>	<u>2010 /4</u>
Viðskiptajöfnuður	-17,7	-15,0	-63,8	11,9	-53,6
Útflutningur vöru og þjónustu	206,3	198,0	222,4	235,4	213,0
Innflutningur vöru og þjónustu	-178,6	-167,6	-177,4	-180,2	-181,1
Þáttatekjur og framlög, nettó	-45,4	-45,5	-108,8	-43,3	-85,4
Fjármagnsjöfnuður	-440,8	32,9	-46,1	-80,4	2,8
Fjármagnshreyfingar án forða	-389,8	49,3	55,1	-144,9	185,6
Erlendar eignir, nettó	-280,0	-81,0	5,7	-37,1	265,1
Erlendar skuldir, nettó	-52,0	130,3	49,3	-107,8	-79,5
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-50,6	-16,2	-101,0	64,5	-182,7
Skekjur og vantalið nettó	458,5	-17,8	109,9	68,5	50,8
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna	22,0	24,8	-26,5	47,4	-19,3

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2009 /4</u>	<u>2010 /1</u>	<u>2010 /2</u>	<u>2010 /3</u>	<u>2010 /4</u>
Erlendar eignir, alls	4.255	4.128	4.115	3.914	3.965
Bein fjárfesting erlendis	1.158	947	1.020	927	686
Erlend markaðsverðbréf	920	918	888	884	859
Aðrar fjáreignir en forði	1.693	1.773	1.645	1.615	1.752
Gjaldeyrisforði	485	490	562	487	667
Erlendar skuldir, alls	14.850	14.618	14.082	13.380	13.291
Bein fjárfesting á Íslandi	1.079	1.124	1.067	1.051	1.045
Innlend markaðsverðbréf	4.965	4.518	3.824	3.500	3.177
Aðrar erlendar skuldir	8.807	8.976	9.192	8.830	9.069
Hrein staða við útlönd	-10.595	-10.490	-9.967	-9.467	-9.326
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Hrein staða við útlönd án innlánsstofnana í slitameðferð	-445	-574	-425	-453	-434

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.